

Reykjavík, 4. mars 2004

**Sesselja Árnadóttir**, formaður

**Guðbjartur Gunnarsson**, meðstjórnandi

**Hörður Harðarson**, meðstjórnandi

**Ríkharð Brynjólfsson**, meðstjórnandi

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson**, meðstjórnandi

**Þórður Skúlason**, framkvæmdastjóri

## Áritun endurskoðanda

*Til stjórnar Bjargráðasjóðs.*

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álit sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2003, efnahag hans 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 4. mars 2004.

**Gísli Guðmundsson**,  
endurskoðandi.

11. ágúst 2004

## AUGLÝSING

Nr. 695

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir Einarsreit, Hafnarfirði vegna Fálkahrauns 10, Hafnarfirði.

Breytingin felst í stækkun á byggingarreit rishæðar um 4,0 m til vesturs og heimild til að stækka rishæð sem því nemur, á húsinu nr. 10 við Fálkahraun. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 14. júlí 2004 með vísan í samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um embættisafgreiðslur. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Engar athugasemdir bárust.

*Hafnarfirði, 11. ágúst 2004.*

**Bjarki Jóhannesson**, sviðsstjóri

umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.